



Landssamband æskulýðsfélaga

**14. fundur stjórnar 2009 – 2010**  
**Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu kl. 11:00**  
**12. apríl 2010**

**Mættir:** Unnur Hjálmarasdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE), Björn Guðmundsson (BG), Auður Geirsdóttir (AuG) Auk þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri fundinn.

**Fundur settur:** 11:40

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

**2. Frá framkvæmdastjóra**

HTF minnti á námskeiðið um skilvirkt hópastarf. Fáir hafa skráð sig og það hún stjórnarmenn að kynna námskeiðið áfram.

HTF sagði að borist hefði sending af fræðirit um börn, ungt fólk og æskulýðsstefnu sem bera heitið Forum 21. Ritin verða sett í bókasafnið.

**3. Frá æskulýðsráði**

SSE sagði að á næsta fundi myndi ráðið hitta fulltrúa ungmennaráða og er það liður í að opna Æskulýðsråd frekar fyrir ungu fólk. UH spurði hvenær næst yrði skipað í æskulýðsråd og svaraði SSE því til að það yrði líklega í desember á þessu ári.

**4. Sambandsþing**

HTF lagði fram uppkast að fundarboði fyrir sambandsþing. Nokkrar athugasemdir komu um innihald og uppsetningu. HTF falið að fara yfir athugasemdirnar og senda svo fundarboðið út.

UH hóf umfjöllun um árskýslu LÆF og lagði til að forminu á henni yrði breytt frá því sem var árið 2009. Ákveðið var að árskýsrlan yrði vega meiri en áður, sett yrði forsíða og myndir inn í hana. Auk þess yrði uppsetningu breytt þannig að verkefni félagsins væru skýrari. Ákveðið að setja rekstraryfirlit með í árskýsluna ásamt því að hafa úrdrátt á ensku. Að lokum var ákveðið að formaður og framkvæmdstjóri skrifuðu saman pistil í ársskýsluna.

**5. Æskan – rödd framtíðar**

HTF og UH fóru yfir það sem fram hafði komið á fundi með fulltrúum MRN, SÍF og Æskulýðsvettvangsins vegna ráðstefnunnar Æskan – rödd framtíðar sem MRN stendur fyrir í maí á þessu ári. LÆF tók að sér að svipast um eftir hópstjórum í vinnuhópa, fara yfir og koma með hugmyndir að umræðum inn í vinnuhópa og huga að íslensku einstakling til að sitja í panel á ráðstefnunni sem fulltrúi æskulýðsfélaga.

Stjórnarmenn voru beðnir um að fara yfir málstofunar og senda framkvæmdastjóra athugasemdir og humyndir hefðu þeir sem og að hafa augu og eyru opin fyrir hópstjórum. Rætt var um mögulegan einstakling í panel en engin ákvörðun tekin.

HTF sagði frá því að ein umsókn um að verða hópstjóri hefði borist eftir að auglýst var eftir hópstjórum á póstlistanum. Ákveðið var að auglýsa aftur og kanna hvort viðbörðin yrðu meiri.

## 6. Alþjóðastarf

- a. UH og HTF sögðu frá því sem fram fór á NBCM sem þær sóttu í Tallin dagan 7.-9.apríl. Helstu umræðuefni voru komandi kosningar í stjórn YFJ, helstu málefni sem sammælt hafi verið um vanga lagabreytinga í YFJ og fyrirkomulag á NBCM í framtíðinni. Samþykkt var á fundinum að næsti fundur yrði haldin í Reykjavík og yrði á könnu LÆF að skipuleggja. Auk þess tók LÆF að sér sem skipuleggjendur fundarins að endurnýja samning um fyrirkomulag NBCM sem tekið verður til samþykktar á fundinum 2011.
- b. HTF og UH sögðu frá umræðum um kosningar til stjórnar YFJ á NBCM og hvað sá hópur hefði sammælt um varðandi kosningarnar. Rætt var um möguleikan á því að einhver frá LÆF byði sig fram.
- c. HTF fór yfir helstu málefni er verða tekin fyrir á næsta Comemfundi YFJ.
- d. HTF lagði fram boð sem LÆF hafði borist til að sækja Third Forum of the United Nations Alliance of Civilizations í gegnum YFJ. Boðið kom með afar stuttum fyrirvara en síðasti skráningardagur er 14. apríl. Ákveðið að BG skoðaði boðið nánari og ef hann teldi það áhugavert myndi hann sækja um að fara.

## 7. Bréf og önnur skjöl sem þarfnast afgreiðslu

Borist hafði bréf frá Menntamálaráðuneyti þar sem boðið var til Menngarþings. Íprótta og æskulýðsmál flokkast sem menningarmál og taldi stjórn því mikilvægt að fulltrúi frá LÆF myndi sækja þingið. BG, AuG, UH og HTF öll áhugasöm um að fara og skrá sig sjálf.

## 8. Önnur mál

- a. AuG og SSE sögðu frá því að þau myndu líklega bæði sitja í vinnuhópi um æskulýðsmál hjá Ungum jafnaðarmönnum.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 12:42

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz  
framkvæmdastjóri